

Fundur stýrihóps fagráðs um starfspróun kennara 7. janúar 2014.

Fundurinn haldinn í menntamálaráðuneyti og í Háskólanum á Akureyri með fjarfundabúnaði.
Mættir: Björg Bjarnadóttir, Sigurjón Mýrdal, Svanhildur Ólafsdóttir, Jón Torfi Jónasson, Ársæll Guðmundsson, Gunnar Gíslason og Trausti Þorsteinsson

Dagskrá fundar.

1. Ráðning starfsmanns
2. Norræn ráðstefna um starfspróun í ágúst
3. Skilgreining hugtaksins starfspróun
4. Úrvinnsla úr fundi fagráðs 22-11-2013
 - a) Greining á þörfum fyrir starfspróun kennara og skóla
 - b) Ráðstefna um starfspróun kennara
 - c) Skilgreining á hlutverki, ábyrgð og skyldum aðila á starfspróun
 - d) Kortlagning sjóðakerfis
 - e) Upplýsingaveita um símenntun
 - f) Skipulögð leiðsögn við nýja kennara og stjórnendur skóla
 - g) Starfendarannsóknir í skólum
5. Önnur mál

Sigurjón setti fund og kynnti dagskrá.

1. Ráðning starfsmanns:

Sigurjón kynnti drög að auglýsingu eftir starfsmanni fyrir fagráð um starfspróun kennara. Farið var yfir drögin og hún lagfærð. Starfsmaðurinn mun fá aðstöðu í húsnæði Námsmatsstofnunar í Borgartúni. Fundarmenn veltu fyrir sér launakjörum starfsmannsins en að mati þeirra felur starfið í sér leiðandi hlutverk og því ekki óeðlilegt að leggja til grundvallar við ákvörðun launa þekkt viðmið s.s. laun sérfræðings í ráðuneyti. Reiknað er með að auglýsingin birtist á allra næstu dögum.

2. Norræn ráðstefna um starfspróun í ágúst. – "Future teachers".

Sigurjón gerði grein fyrir stöðu mála við undirbúning norrænu ráðstefnunnar Future teachers. Gert er ráð fyrir þremur aðalfyrirlesurum og væri hugmyndin sú að tveir kæmu erlendis frá. Kvaðst hann hafa verið í sambandi við Andy Hargreaves og væri hann reiðubúinn til að koma. Kvaðst einnig hafa haft samband við Pasi Sahlberg um að vera einn af þremur aðalfyrirlesurum á ráðstefnunni. Ákveðnar efasemdir komu fram um að Sahlberg væri eftirsóknarverðasti kosturinn og voru nöfn nefnd eins og Louis Stoll og Linda Darling-Hammond. Rætt var um form og fyrirkomulag ráðstefnunnar og var áhersla lögð á að hún svaraði spurningum. Vildu fundarmenn að fyrirlesarar legðu til spurningar sem ræddar yrðu á u.þ.b. átta málstofum ráðstefnunnar. Þá væri eðlilegt að starfsmanni fagráðs yrði fengið það hlutverk að draga saman niðurstöður ráðstefnunnar og setja þær á vef fagráðs. Niðurstöðurnar yrðu jafnframt nýttar í vinnu fagráðsins um leið og því yrði beint til samtaka sem aðild eiga að ráðinu að ræða niðurstöðurnar og vinna með þær. Samþykkt var að Sigurjóni fengi Svanhildi og Trausta til að vinna áfram með sér að undirbúningi ráðstefnunnar.

3. Skilgreining hugtaksins starfspróun

Trausti kynnti drög að skilgreiningu á hugtakinu starfspróun. Kvað hann mikilvægt fyrir starf fagráðs að slík skilgreining væri gerð og hún yrði eins konar stefnulýsing fyrir starf og áherslur ráðsins. Kynnti hann þær skilgreiningar sem fram komu á fundi fagráðs þann 22. nóv. sl. og skilgreiningu starfshóps menntamálaráðuneytisins um endur- og símenntun kennara 2012. Auk þess fylgdu með skilgreiningar þriggja fræðimanna. Hafði Trausti síðan gert tvær tillögur að orðun skilgreiningar hugtaksins á grundvelli þessa. Fundarmenn töldu mikilvægt að þetta fengi að gerjast. Sjálfsgagt væri að koma hugmyndunum á framfæri við fulltrúa fagráðs og gefa þeim

tækifæri til að hugsa þetta. Þá mætti setja skilgreiningar upp á vef og fá viðbrögð, kjarninn í skilgreiningunni væri kominn.

4. Úrvinnsla úr fundi fagráðs 22-11-2013

a) Greining á þörfum fyrir starfsþróun kennara og skóla

Trausti greindi frá því að hann hefði leitað til RHA um að gera áætlun um greiningu á þörfum fyrir starfsþróun kennara og skóla. RHA hefði verið búin að gera áætlun um gerð og úrvinnslu á spurningalistakönnun sem lögð yrði fyrir í febrúar eða mars. Ákveðið var að hægja aðeins ferðina þar sem væntanlegar væru niðurstöður úr nýrri TALIS könnun þar sem fjallað væru um starfsþróun kennara. Áður en könnun RHA yrði gerð yrði skoðað hvaða upplýsingar TALIS veitti. Ákveðið var að freista þess að fá upplýsingar frá Námsmatsstofnun.

b) Ráðstefna um starfsþróun kennara

Trausti kynnti drög að dagskrá ráðstefnu miðstöðvar skólaþróunar HA um starfsþróun kennara sem haldin verður á Akureyri 5. apríl 2014. Stýrihópur hefur leitað eftir aðild að ráðstefnunni og er gert ráð fyrir að hópurninn annist skipulag og framkvæmd samræðulotu á ráðstefnunni og kynni hlutverk og viðfangsefni fagráðs. Ákveðið var að vinna áfram að undirbúningi. Nefnt var að kanna mætti hvort hægt væri að fá Kay Livingstone sem þriðja fyrirlesara.

c) Skilgreining á hlutverki, ábyrgð og skyldum aðila á starfsþróun

Ákveðið var að ítreka við fulltrúa í fagráði að taka upp, hver á sínum vettvangi, umræðu um hlutverk ábyrgð og skyldur á starfsþróun og senda stýrihópi niðurstöður sínar um miðjan jan. Niðurstöður einungis borist frá tónlistarskólastjórum.

d) Kortlagning sjóðakerfis

Trausti greindi frá því að leitað hefði verið til RHA um að vinna að kortlagningu sjóðakerfis og kynnti tillögu og samningsdrög milli stýrihóps fagráðs og RHA. Í verklýsingu segir að verkefnið snúist um kortlagningu á þeim sjóðum og stoðkerfi sem kennarar hafa aðgang að og standa straum af kostnaði eða hafa hlutverki að gegna við starfsþróun þeirra. Um er að ræða kennara á leikskólastigi, grunnskólastigi, framhaldsskólastigi og tónlistarkennara. Unnin verður stutt umfjöllun um sjóðaumhverfið, regluverk, fjármagn og fjármögnun sjóðanna. Sjóðirnir verða listaðir upp, gerð grein fyrir regluverkinu, hlutverki þeirra og hvað þeim er ætlað að styrkja. Einnig verður gerð greining á þeim fjármunum sem voru til úthlutunar árin 2012 og 2013 (þar sem það liggur fyrir). Þá verður farið yfir skyldur sveitarfélaga og hvernig stofnanir þeirra koma að starfsþróun kennara og styrkja með ýmsum hætti um leið og gerð verður grein fyrir stöðu háskólanna í þessu samhengi. Kostnaður við verkefnið er áætlaðar 1.119.600 krónur án vsk. Samþykkt var að hefja gerð þessa verkefnis.

e) Upplýsingaveita um símenntun

Vinna við upplýsingaveituna heldur áfram í starfshópi (Björg, Guðbjörg, Edda, Klara). Ekki vitað hvernig mál standa.

Leitað hefur verið eftir því við Eddu Kjartansdóttur hjá Menntavísindastofnun HÍ að hanna og skrifa vefsíðu fyrir fagráð um starfsþróun kennara. Edda hefur kynnt hugmynd að slíkri síðu en áður en lengra er haldið þarf að svara ákveðnum spurningum um uppsetningu. Ákveðið var að Jón Torfi ynni áfram að verkefninu með Eddu.

f) Skipulögð leiðsögn við nýja kennara og stjórnendur skóla

Fagráðið hefur ekki enn unnið að þessu verkefni.

g) Starfendarannsóknir í skólum

Trausti greindi frá samtali sem hann hefði átt við Rúnar Sigþórsson og Rósu Eggertsdóttur um starfendarannsóknir. Í samtali þeirra kom fram að lítið væri vitað um umfang starfendarannsókna

í skólum. Ýmis verkefni hefðu verið unnið en markviss vinna væri lítt sjáanleg. Ákveðið væri að afla frekari upplýsinga og tók Jón Torfi að sér að hafa samband við Hafþór Guðjónsson. Þá var ákveðið að skoða hvort ekki mætti afla upplýsinga um umfang starfendarannsókna í spurninga-listakönnun um starfsþróun kennara verði farið í gerð hennar með RHA.

5. Önnur mál

Ákveðið var að næsti fundur stýrihóps verði haldinn 4. febrúar kl. 13:00. Jafnframt var ákveðið að senda allar fundargerðir stýrihóps til fagráðsfulltrúa svo þeim gæfist tækifæri til að fylgjast með vinnu hópsins. Þá var ákveðið að næstu fundur fagráðs yrði haldinn í apríl og miðað við að fagráðið fundaði tvisvar á ári.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Trausti Þorsteinsson